

# Kreppa Kvænnalistans

Yfirbragð landsfundar Kvænnalistans um síðustu helgi var afar daulegt, og innihaldið var heldur ekki uppá marga fiska. Kvænnalistinn hefur átt í alvarlegri tilvistarkreppu síðustu ár og ekki tekist að fára sannfærandi rök fyrir tilveru sinni, einsog glöggjum kom í ljós í síðustu kosningum, þegar við borð lá að flokkurinn þurrkaðist af þingi. Það er ekkert launungarmál að nokkur hugmyndaleg togstreita hefur verið innan Kvænnalistans síðustu misseri. Yngri kynslóð kvenna í floknum vill bersýnilega reyna nýjar leiðir til að ná fram markmiðum hreyfingarinnar, aukpess sem skiptar skoðanir hafa verið um veigamikil mál.

Staða Kvænnalistans nú er dæmi um hvernig hlutir hafa tilhneigingu að snúast í andstæðu sína. Um þetta eru skýr dæmi. Upphaflega boðuðu liðsmenn Kvænnalistans grasrótarlýðræði og valddreifingu. Nú er reyndin sú að örlistill hópur, sem enginn hefur kosið til ábyrgðarstarfa, stjórnar bæði uppröðun á lista og stefnumótun. Í öndverðu lögðu kvænnalistakonur áherslu á, að ekki væri um að ræða hefðbundinn stjórnsmálflokk, heldur hreyfingu sem tjaldaði til einnar nætur í íslenskum stjórnsmálum í því skyni að efla áhrif kvenna. Þrettán árum síðar er engu líkara en sumum kvænnalistakonum finnist að flokkurinn skipti meira máli en þær hugsjónir sem hann var grundvallaður á. Kvænnalistakonur hafa til skamms tíma ekki verið reiðubúnar að skoða aðrar leiðir til að vinna að jafnri stöðu karla og kvenna. Allt hefur þetta valdið stöðnun og hugmyndalegri kyrrstöðu, einsog ýmsar forystukonur Kvænnalistans viðurkenna.

Kvænnalistakonur hafa ævinlega neitað að staðsetja flokkinn á hefðbundnu landakorti íslenskra stjórnsmála, annarsvegar á þeim forsendum að skipting í hægri og vinstri sé úrelt, hinsvegar af því Kvænnalistinn verði ekki metinn á sama kvarða og „gómlu flokkarnir“ vegna hugmyndalegrar og skipulagslegrar sérstöðu. Þessar staðhæfingar eru löngu marklausar. Kvænnalistinn skipaði sér utarlega á vinstri væng stjórnsmálanna, einsog allar áherslur flokksins eru vottur um. Lokaafsal á meintri sérstöðu Kvænnalistans fór svo fram þegar flokkurinn tók þátt í Reykjavíkurlistanum 1992. Sú ákvörðun kostaði nokkrar deilur innan flokksins, og snerust um hvort viðhalda ætti pólitískri hreinlífssistefnu eða taká áhættu í þeim tilgangi að hafa loks bein áhrif á hvernig málum er skipað. Síðari kosturinn varð fyrir valinu, og Kvænnalistinn á sinn hlut óskiptan í kosningasigrinum sem í hönd fór. *Samstáðan* var sá lykill sem dugði til að opna borgarhlíð sterkasta vígis hægri manna á Íslandi. Samstarf þeirra sem stóðu að og skipuðu Reykjavíkurlistann hefur gengið framar öllum vonum – og árangurinn er meðal annars sá að hlutur kvenna hefur batnað til muna í höfuðborginni.

Það er umhugsunarefni að vinsældir Ingibjargar Sólrunar Gísladóttur borgarstjóra koma Kvænnalistanum ekki til góða, og litlu virðist skipta þótt þingflokkurinn sé vel skipaður, nú sem endranær. Á þessu eru ýmsar skýringar, og voru sumpart raktar hér að ofan. En trúlega vegur þyngst að hinir fersku vindar sem fylgdu Kvænnalistanum hafa breyst í lognmollu – sú hreyfing sem áður var boðberi nýrrar hugsunar er orðin táknað kyrurstöðu og tíðindaleyseis. Þetta stafar auðvitað ekki af því að hugsjónir Kvænnalistans hafi náð fram að ganga í smáu sem stóru, og því sé flokkurinn óparfur orðinn. Óralangt er í land áður en raunverulegu jafnrétti er náð, en úrræði Kvænnalistans duga ekki lengur. Nýir tímar kalla á breyttar aðferðir.

Að undanförnu hefur krafan um uppstokkun flokkakerfisins orðið æ háværari. Það gefur góð fyrirheit, að kveikju umræðunnar nú er ekki að rekja til stjórnsmálamaðanna á vinstri væng að fara með skyldurullu um sameiningarmál. Krafan um samvinnu kemur frá grasrotinni og hennar sér til dæmis stað í mörgum sveitarfélögum um þessar mundir. Ungliðasamtök stjórnsmálflokkanna hafa líka tekið frumkvæði sem spennandi verður að fylgjast með.

Sameiniðgarmálin verða í brennidepli á næstunni, og fólk mun fylgjast grannt með viðbrögðum innan Kvænnalistans. Þá reynir á hvort kvænnalistakonur vilja taka þátt í mótu öflugrar hreyfingar, sem getur boríð fram til sigurs þau mannréttindamál sem Kvænnalistinn setti á dagskrá íslenskra stjórnsmála. ■